

Reykjavík, 01.10.2014  
HS/ils / 0.1.0.0

Nefndasvið Alþingis  
Alþingishúsið við Austurvöll  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum (53. mál)**

Orkuveitu Reykjavíkur (OR) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum (53. mál), sbr. tölvupóstur nefndasviðs Alþingis, dags. 26. september sl. Eftirfarandi eru athugasemdir OR við frumvarpið en þær eru efnislega samhljóða fyrri umsögn OR, dags. 5. maí 2014, um frumvarpið þegar það var lagt fram á 143. löggjafarþingi (467. mál).

**12. gr. frumvarpsins – 1. viðauki**

*Námuiðnaður – 2. kafli – liður 2.06.*

OR gerir athugasemd við lið 2.06 í kaflanum og að eftirfarandi staflíðir flokkist sem námuiðnaður enda eigi þeir ekkert skylt við námuiðnað:

- i. Borun á vinnsluholum og rannsóknarholum.
- ii. Borun eftir jarðhita á lágheitsvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði eða í næsta nágrenni.
- v. borun eftir vatni þar sem gert er ráð fyrir að vinna að minnsta kosti 100 l/sek.,
- vi. borun eftir vatni þar sem gert er ráð fyrir að vinna allt að 100 l/sek.

Eðlilegra væri að staflíðir i. og ii. féllu undir 3. kafla *Orkuiðnaður* og flokk B í samræmi við að jarðvarmavirkjanir og iðjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og heitu vatni falla undir þann kafla sbr. liðir 3.02 og 3.07. Varðandi staflíði v. og vi. væri eðlilegra að þeir féllu undir 10. kafla *Grunnvirki*, flokk B og C, í samræmi við að vinnsla grunnvatns og lagning vatnsleiðslna falla undir þann kafla, sbr. liðir 10.25, 10.26, 10.21 og 10.22.

*Aðrar framkvæmdir – 11. kafli – liður 11.05*

OR telur rétt að benda á hvort raunhæft sé að gera ráð fyrir að reist verði skólphreinsivirki og stundaður þaulnýttinn landbúnaður á verndarsvæðum og svæðum á náttúruminjasrá og því kunni að vera eðlilegt að sleppa þessum lið í frumvarpinu.

Að öðru leyti tekur OR undir athugasemdir Samorku við frumvarpið. Ekki eru gerðar aðrar athugasemdir að svo stöddu en OR áskilur sér rétt til að gera frekari athugasemdir verði gerðar verulegar breytingar á frumvarpsdrögunum í meðförum þingsins.

Virðingarfyllst,



Íris Lind Sæmundsdóttir  
Lögfræðingur



Hólmfríður Sigurðardóttir  
Umhverfisstjóri

Afrit: Samorka